# Bréfa- og málasafn Benedikts Sveinssonar 1911-1925, seinni hluti

Bjarni Benediktsson – Benedikt Sveinsson – Þegar mamma deyr ung – Hulda

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

bjarnibenediktsson.is

Einkaskjalasafn nr. 360
Benediktarskjöl
Askja 5-14, Örk 2

**©Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

getað sofnað vært, nema að pabbi hennar væri nálægt henni. Nú var hann í öðru herbergi og ekkert að hugsa um hana. Henni fannst loftið þungt og óþægilegt. Baðstofan var stór og margir sváfu í henni. Allt í kring um sig heyrði hún andardrátt sofandi fólksins og einhver hraut hátt. Hjarta hennar barðist af kvíða og ekkinn hristi hana, eins og laufblað. Sezselja gamla svaf vært. Guðrún litla hafði látist sofa, þegar gamla konan háttaði. Hún signdi Guðrúnu í hljóði og breiddi litlu sængina hennar vandlega ofan á hana og teppið sitt ofan á þær báðar. Hún var í rauninni ánægð yfir því, að hafa hana hjá sér, þó hún fyndi til af því, að sjá hana hrekjast frá foreldrunum. Henni leist illa á stjúpuna og ætlaði sér að

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

vernda litlu elskuna sína, eftir mætti. Hún sofnaði eftir að hafa beðið heitar bænir yfir glókolli hennar. — Guðný litla gat ekki hætt að gráta. Henni leið svo óttalega illa. Hún var rjett að segja komin af stað til föður síns, en áttaði sig þó. Hvað átti hún að segja honum? — Enginn hafði verið vondur við hana. En það var svo sárt, að vera komin frá pabba. Tárin ætluðu aldrei að geta ljett þunganum af hjarta hennar. Hugsanirnar þutu fram og aftur. Hún mundi svo vel, hve sæl hún hafði verið í litla rúminu sínu, hjá mömmu og pabba og síðar hjá pabba einum. Nú lifði hún upp aftur sömu kvölina og þegar móðir hennar dó. Henni fannst að hún vera búin að missa föður sinn líka. Hún kastaðist til af grátinum svo Sesselja gamla vaknaði. „Guð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

komi til! – ertu að gráta elskubarn."
Hún talaði í hálfum hljóðum og reis
upp, titrandi af angist. Hún lyfti
Guðnýju litlu upp í fang sitt og
strauk hárið frá augum hennar.
Þannig sat hún ráðþrota. Svo spurði
hún lágt: „Getur þú ekki sagt mjer
hvað þjer þykir?" Guðný hjelt
áfram að gráta. „Jeg veit það
nú reyndar", sagði Sesselja gamla
„þig langar til pabba". „Já", sagði
Guðný litla og ætlaði að springa
af gráti. „Blessað elskan!" – Sesselja
gamla táraðist og rorri með hana
í fanginu. Henni datt í hug, að
fara og vekja Þórarinn, en hún
hætti við það. „Jeg skal biðja
pabba þinn á morgun að lofa
þjer að sofa inni í húsinu hans,
eins og áður". – „En rúmið mitt
er orðið oflítið." Orðin skildust
varla fyrir ekka. „Það má búa

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

þjer til annað. „En jeg – jeg er svo hrædd um að Ólöf vilji það ekki". „Faðir þinn ræður nú líklega öðru eins", hvíslaði Steselja gamla þykkjulega og reri harðar. „Jeg er líka svo myrkfælin, ef jeg á að sofa ein". Guðný litla grjet sáran og kúrði sig inn að Steselju gömlu. „Guð hjálpi okkur", sagði hún ósjálfrátt hálfhátt. Hún var að hugsa um ólánsama sálugu og ef hún vissi nú hvernig dóttur hennar liði.

„Við skulum vera rólegar, elskan mín, pabbi lofar þjer að sofa hvar, sem þú vilt – jeg skal tala við hann á morgun." Guðný litla grjet lengi, í hljóði, upp við barm Steselju gömlu. Hún var að hugsa um, hvort betra væri, að sofa ein í rúmi, inn í húsi pabba síns, langt frá rúminu hans, eða vera kyr hjá Steselju gömlu. Hún hafði fundið, hve ótta-legt það er, að vera alein, áður

en Sesselja gamla vaknaði og varla myndi hún þora, að kalla til pabba síns, þegar Ólöf væri hjá honum. Það var líklega rjettast, að reyna að vera kyr hjá gömlu Sesselju — hún þorði vel að vekja hana, ef henni liði illa; en hún fjekk sting og hjartslátt á ný, við að hugsa til þess, að vera komin svona langt frá pabba. Bara að loftið væri ekki svona þungt í baðstofunni. Hún spurði Sesselju hvort ekki mætti opna glugga. „Jú!“ — gamla konan flýtti sjer að standa upp og ýta við glugganum yfir rúminu sínu, þó að henni sjálfri fjelli sárilla kaldur loftstraumur. Glugginn var fastur í karminum, því að hann var ekki að jafnaði opnaður. Loks náði Sesselja honum opnum. Næturloftið streymdi inn yfir Guðnýju litlu, sem lá þar,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

máttvana af grátinum. Hún varð fegin, en brátt setti að henni. „Mjer finnst svo kallt“; tennurnar glömruðu í munni hennar. Glugganum var lokað hljóðlega og hún grúfði sig ofan í svæfilinn. Sesselja gamla breiddi ofan á hana og klappaði á herðarnar á henni, þangað til svefninn miskunaði henni. Hana dreymdi mömmu sína – hún laut ofan að henni, blíð og rauna-leg: „Jeg vildi að jeg mætti taka þig með mjer, blessað barnið mitt!“ Guðný litla rjetti upp hendurnar, en þá var móðir hennar horfin. Ólöf stóð þar og leit reiðulega til hennar. „Þú mátt ekki koma inn, pabbi þinn vill það ekki“. Þá fór hún að gráta. Sesselja gamla talaði blíðlega til hennar. Hún rumsk-aðist, en var ofþreytt til þess, að vakna alveg. Jeg skal tala við pabba þinn á morgun! flaug eins og hugganda

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

kvak gegn um örmædda barnsálina og hún fjell í draumlausan svefn.

II

Sólskinið fyllti baðstofuna í Árhvammi. Rykkornin dönsuðu í breiðum geislabekkjum, sem lágu inn úr hverjum glugga. Vinnufólkið var komið á fætur og fram í bæ. Sesselja gamla sat á rúminu sínu og var að gera við sauðskinnsskó. Guðný litla svaf fast ofan við hana. Þórarinn kom fram úr húsdyrunum sínum. Hann var glaður í bragði og staðnæmdist við rúmið, sem dóttir hans svaf í. „Hún sefur ennþá", sagði hann og leit hýrlega upp í hornið. Sesselja gamla þagði augnablik, henni var þungt. Svo leit hún fast á Þórarinn. „Já, hún sofnaði nú ekki svo snemma". „Varð hún máske andvaka?" Þórarinn var fljótmæltur og svipur hans varð áhyggjulegur. „Meira en

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

það – hún grjet sig í svefn, aumingjinn"
Hann varð enn alvarlegri og beygði sig
upp í hornið, þar sem Guðný litla
svaf, hlúði að herðunum hennar, klapp-
aði og strauk. „Ekkan litla – pabbi
skal víst smíða henni rúm, svo
að hún geti sofið inni í húsinu
hans." Sesselja gamla leit við. „Já,
jeg er hrædd um að henni bregði
nú við – hún undi aldrei nema
hjá þjer, nótt og dag." Þórarinn settist
á rúmið. „Jeg hjelt að hún myndi
helst vilja sofa hjá þjer, því hefur
afinlega verið hjá henni, þegar jeg
hefi þurft að yfirgefa hana."
„Þetta eru nú umskifti, hún
hefur aldrei sofið annarstaðar en í
rúminu sínu". Sesselja gamla var
fráunnanlega alvarleg, en ánægð
var hún yfir því að Þórarni skyldi
hafa hugkvæmst að smíða henni
nýtt rúm. Nú vaknaði Guðný

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litla skyndilega. Hún sneri sjer við og sá pabba sinn. Gleðiglampa brá fyrir í augunum hennar. Hann laut ofan að henni og hún lagði báða armana upp um hálsinn á honum.
„Gekk þjer illa að sofa í nótt?"
„Já –" Það var grátklökkvi í róminum.
„Villtu að jeg smíði þjer nýtt rúm, svo að þú getir sofið inni í húsinu mínu eins og áður?" Hún svaraði ekki undir eins, en tók fastar um hálsinn á honum. „Nýtt, rauðmálað rúm – við getum látið það standa beint á móti rúminu okkar." Þetta var það, sem Guðrún litla hafði búist við, – að það ætti að vera úti í horni, langt frá rúmi pabba. Hún þorði ekki að sofa ein. „Hvað segir þú um það?"
Hann rjetti sig upp og horfði brosandi framan í hana. „Jeg veit ekki –"
Hún leit í kringum sig, henni sýndist nú hornið hennar Sesselju

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gömlu viðkunnanlegra í sólskininu og ef að pabbi kæmi kvöld og morgna og kyssti hana, þá var líklega best að vera þar eftirleiðis. Þó að hún fengi nú að sofa inni í húsinu hans, eins og áður, þá þurfti hann altaf að vera hjá Ólöfu, hvað sem var. „Jeg vil, held jeg, vera kyr hjá Steinselju" Þórarinn kyssti hana og klappaði á kollinn. „Jæja – hafðu það eins og þú vilt; pabbi gleymir varla að bjóða góðan dag og góða nótt í horninu þínu." Hann stóð á fætur og gekk rösklega fram gólfið. Hann var altof sæll til þess, að sárast af því, að dóttir hans vildi heldur vera hjá gömlu konunni en konunni og stjúpunni. – Guðrún litla fann aftur sama sára stinginn og kvíðann og um nóttina. Nú var hún komin frá pabba – búin að missa hann.

Ólöf var vökunóð og hafði

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

heyrt mest af því, sem talað var framan
við skilrúmið. Hún hafði reyndar allt
af fundið það, að Sesselja gamla virti
hana ekki, eins og hún vildi og, að
hún hjelt í hönd með barninu.
Nú hafði hún kastað skugga á
brúðarmorgun hennar. En hún skyldi
sýna bæði honum og stjúpdóttur sinni
hver hafði mest vald yfir Þórarni. –
Guðný litla sat á gamalli
kistu inni í búrinu og var að fægja
teskeiðar. Ólöf stóð framan við háan skáp
~~og var að~~ raðaði í efstu hilluna postu-
línsbollapörum, sem höfðu verið notuð
í veislunni, daginn áður. Þær voru
einar inni í bænum, að Sesselju
gömlu undanskildri; hún sat inni
í baðstofu, eins og hún var vön. Fólkið
var við útivinnu. Þetta var nálægt
miðaftni. Þórarinn kom í dyrnar. Hann
gekk til Ólafar og kysti hana innilega.
Svo settist hann á kistuna hjá Guðnýju

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litlu. „Ert þú að regna að hjálpa til?“ „Já,“ sagði hún lágt og hjelt áfram að fægja skeiðarnar.
„Nú ætla jeg að segja þjer dálítið“, sagði hann og lyfti henni upp í faðm sinn. „Nú átt þú að kalla Ólöfu mömmu, – hún ætlar að vera eins góð og mamma við okkur bæði.“
Guðný litla leit til föður síns, eins og hún væri að biðja um miskun. Hún var dauðþreytt, eftir grát og vökur og kveið því nú sáran, að þurfa að fara að kalla Ólöfu mömmu, Ólöfu! sem hún var hrædd við. „Viltu ekki gera það fyrir Pabba og Ólöfu, sem þykir svo vænt um okkur?“ „Jú, en –“
Guðný litla var farin að gráta. Hún þoldi ekki að heyra mömmu sína nefnda, þoldi ekki blíðu föður síns og síst af öllu þoldi hún að hugsa til þess, að þurfa að fara að kalla Ólöfu þessu heiti, sem barnshjartu

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar var heilagt og viðkvæmt.
Þórarinn leit til Ólafar, ráðalaus,
en hún sneri sjer undan. Hann mátti
ekki sjá hve grönn hún var. Eftir
andartak var hún búin að jafna sig.
Hún gekk til Guðnýjar litlu og klappaði
á kollinn á henni. „Við skulum ekkert
tala um það – Guðný litla ætlar
að vera góð og þæg við mig og það
skiftir mestu!" Hún gerði sig svo blíða
í máli, sem hún gat. Helst hefði
hún kosið að slá stjúpdóttur sína
vanan löðrung í stað þess, að klappa
henni.

Sumarið kom og fór.
Guðný litla í Ásbrandi feldi
mörg og heit tár. Hún var oftast ein
í bænum með stjúpu sinni milli
mála. Ólöf ljet hana vinna – vinna
hvíldarlaust. Hún ljet hana sækja
vatn í lækinn og bað út á túni,
þvo gólf og klápa, bera mat og kaffi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

á engjarnar til fólksins, vinda leirugar sokka upp úr ísköldum bæjarlæknum og berja harða ~~tau~~ leðurskó.
Sesselja gamla reyndi, að hjálpa af henni öllu, sem hún gat, en hún var oft sárlasin og gat lítið, enda gætti Ólöf þess, að fá henni svo margt til að dunda við, að hún hefði ekki tíma til þess, að hjálpa Guðnýju litlu. Hún vildi sýna gömlu konunni það í verkinu að hún hefði í öllum höndum við þær báðar. Guðnýju litlu kom ekki til hugar að kvarta við föður sinn. Hún fann, hve miklu honum þótti skifta, að hún væri eins og Ólöf vildi í öllu og stjúpa hennar varaðist, að skipa henni nokkuð erfitt þegar hann var viðstaddur. Sesselja gamla hafði sagt honum, að hún léti Guðnýju vinna alt of mikið. Honum brá.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

en vonaði þó, að þetta væri óþarfa viðkvæmni úr gömlu konunni. Hann talaði samt um það við Ólöfu, að Guðný litla væri veikbyggð og bað hana, að gæta þess, að hún ofreyndist ekki. Hún kysti hann óðeins og sagðist vona, að hann tryði sjer fyrir barninu. Þá varð ekki hans að engu. Hann sá ekki, að hendur Guðnýjar litlu urðu hrjúfar og svipur hennar raunalegur og fjörlaus.

Veturinn kom, með snjó og svell og sleðafæri, en Guðný litla sást aldrei úti, að leika sjer. Hún hafði ekki tíma til þess. „Hún er svo frábitin því," sagði Ólöf, þegar Þórarinn spurði dóttur sína, hvort hún væri búin að gleyma sleðanum sínum. Guðný litla þagði. Ólöf vissi, að stjúpdóttir hennar bar aldrei neitt af sjer, við föður sinn. Hún gat sagt honum hvað, sem henni þóknaðist.

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Í þorralokin fæddi Ólöf son. Það var stór og fallegur drengur. Þórarinn þreyttist aldrei á því, að horfa á hann og dáðst að honum. Guðný litla skaust að vöggunni hvenær, sem hún fjekk tíma til þess. Henni þótti undur-vænt um þennan litla bróður sinn. Hún var sæl, þegar Ólöf trúði henni fyrir því, að halda á drengnum, í fyrsta sinni. En sú sæla tók brátt enda. Hún gat aldrei farið með hann, svo, að stjúpu hennar líkaði. Ef hann grjet, sagði hún að það væri því að kenna, hve klaufalega hún hjeldi á honum og ekki leið á löngu áður en Guðný litla fjekk högg á vangana, fyrir bróður sinn. Hún grjet í kyrþey og reyndi að hugga barnið, hampa því og ganga um gólf með það. Drengurinn varð brátt stór og feitur og þungur á þreyttum örmum systur sinnar. En

hún muni honum svo heitt, að hún gleymdi höggum og ávítum ef hann brosti til hennar og rjetti á eftir henni litla arma sína.

Þórarinn undraðist, hve dóttir hans var orðin áhugalaus og ónæm lítil að læra. Hann hafði sjálfur sagt henni til á hverjum vetri, frá því hún misti móður sína. Það hafði verið leikur einn fyrir hann. Svo námfús og ljúf var hún. En nú var þetta breytt. Hún var sljó og fjörlaus þær stundir, sem hún átti að hugsa um námið. Faðir hennar sá ekki, að það stafaði af erfiði og gráti. Þetta voru einu stundirnar, sem hún var laus undan áhaldaraski stjúpu sinnar, og þá fann hún glöggt, hve þreytt hún var. Dauð-þreytt. Ó, að hún hefði mátt sitja þegjandi í fangi pabba síns og hvíla sig, í stað þess, að reikna og skrifa!

Þegar Guðný í Árhvammi var

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

fjórtán ára, hafði hún eignast þjá
hálfbræður. Hún annaðist þá alla á
daginn og tvo þá eldri á nóttunni.
Nú var hún látt, að safa hjá Ser-
elju gömlu. Ólöf vildi nota hana
til þess, að hafa eldri drenginn
á nóttunni og svo var sett niður
rúm handa henni inni í herbergi
föður hennar og stjúpu. Þar svaf hún
nú með sinn drenginn við hvora
hlið. Þreytt var hún og svefn lítil
því að drengirnir vöktu oft á nóttunni
og stundum báðir í einu. Það kom
fyrir, að faðir hennar þurfti að hjálpa
henni. Ólöf vaknaði aldrei, þó að eldri
drengirnir grjetu. Hún svaf svo fast, að
Þórarinn þurfti að vekja hana til
þess, að sinna yngsta barninu. Allan
daginn var hún að líta eftir heimilis-
störfum og skipa fyrir verkum. Barnahirðing-
una hafði hún í hjáverkum. Hún komst
fljótt að raun um að það starf gat hún

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

látið stjúpdóttur sína annast.

Það gegndi furðu, hve vel Guðrúnu gekk að annast bræður sína alla. Hún var svo nærgætin og lagin við þá, að þeir vildu helzt ekkert þiggja af öðrum en systur sinni. Tevar, sem Guðrún sárt, voru þessir litlu, brauðlitu hálfbræður með henni. Hún lifði nærmast fyrir annað en þá. Aldrei hafði hún tíma til þess, að hugsa um sjálfa sig. Jafnskjótt og þeir voru sofnaðir á kvöldin greip svefninn og þreytan hana heljartökum. Hún átti þó að hirða um fötin sín og þeirra, þegar þeir voru sestir að. Oft sat hún með skó eða sokk, sem hún átti að gera við og – svaf ofan í hendur sínar. Ekki sjaldan bar það við að stjúpa hennar vakti hana óvingjarnlega og óvitandi, ef faðir hennar var hvergi nærri; þá hrökk hún upp með hjartslætti og steinþyngslum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í höfðinu, þurði þó ekki annað en reyna að vaka og halda áfram vinnunni.

Ef Þórarinn sá dóttur sína ómagna af svefni skipaði hann henni tafarlaust í rúmið, Hún vissi naumast hvort að hún átti að þora að hlýða honum. Það kom niður á henni næsta dag. Það þekkti hún af reynslunni.

Guðný óx hægt. Svefnleysi og ofmikið erfiði hamlaði þroska hennar. Hún var ólík því, sem heilbrygð stúlkubörn ~~...~~ eru venjulega á fjórtán ára aldri. Þolgæði og augnblíða skein úr bláum augum hennar. Hún var yfirlætislaus og þögul, en það, sem mest einkendi hana var þreytusvipur; hann hvíldi eins og blæja yfir æskubjörtu andliti hennar og hverri hreyfingu ~~hennar~~. Ýmsir sáu það og töluðu sín á milli um það, að stjúpmóðir hennar mundi þvinga hana, en enginn nefndi slíkt í

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

eign Þórarins. Menn fundu, að því fylgdi ábyrgð, að varpa skugga yfir hina glaðlegu, geðríku húsfreyju hans og fannst, að hann ætti sjálfur að sjá hvað dóttir hans liði.

En hann sá það ekki.

#

Hvítasunnubirta ljómaði yfir sveit og sæ. Kirkjan í Ásdölum var troðfull af fólki, því, að nú átti að ferma mörg börn úr sókninni. Veðurblíðan laðaði unga og gamla í guðshús. Guðný í Arnhvammi var ein af fermingarbörnunum. Hún sat hjá föður sínum og stjúpmóður í ljómandi sólskininu og hlustaði á orgelhljóminn og sönginn, alvarleg og auðmjúk. Hún þurfti allt af að verjast grátinum. Allt fagurt og óvanalegt hafði þau áhrif á hana að tárin vildu brjótast fram, jafnvel gleðin sjálf. Nú hófu sterkar tilfinningar hana ~~á víxl~~ til skiftis – auðmýkt, gleði og sorg. Hún var eins og smáfugl, sem

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

djúpar öldur vagga í sterku ljósi og blá.
Hún fann glöggt til átbygðarinnar, sem fylgdi
þessari stundu og athöfn og hún bað til
guðs að hann vildi styrkja hana til þess
að verða staðföst og góð stúlka. Kirkjusöngurinn,
hátíðaklædd börnin og vorljósinu úti og inni
töluðu til hennar um þann fegurðarheim,
sem hún hafði aðeins lítið eitt fengið að
gægjast inn í og minning dáinnar móður
varpaði mildri angurblíðu yfir sál hennar
að vanda; því hún hafði aldrei hætt
að syrgja móður sína. Nú leit hún í
kringum sig og sá hvar víða mæður
við hlið fermingarbarnanna. Söknuður-
inn greip hana fastar og sárar en venju-
-lega. Hún trúði því, að vísu, að móðir
hennar væri henni nálæg þessa stund.
– ó, að hún hefði nú setið í bekknum
hjá henni, eins og hinar. Hún beygði
höfuðið enn dýpra og grét – grét, svo
allur líkami hennar skalf og titraði af
niðurbældum grátinum. Gegn um allt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

sá hún móður sína hátíðaklædda og unga. Hún mundi svo vel, hvernig hár hennar, bjart og fagurt, hafði liðast undan blæjunni og hendurnar, mjúkar og smáar, haldið í blómsaumaðan búninginn þegar hún gekk – og augun horft – og varirnar bærst og hún heyrði málróminn – ó, hve langt var nú síðan hann hafði ómað í eyrum hennar. Guðný grjet og grjet, hljótt og beisklega. Ólöf snerti við henni. „Viltu ekki koma út?" Hún leit upp og sá að fermingarbörnin voru að ganga út með vandafólki sínu. ~~Þau en~~ Svo átti fermingarathöfnin að byrja. Eftir litla stund gengu börnin upp að altarinu.

Þórarinn horfði stöðugt á dóttur sína. Hann heyrði ekkert af því, sem fram fór og sá ekkert nema þessa bjart- ~~klædda~~ hærðu, ljósklæddu veru, sem nú líktist móður sinni meira en nokkru sinni fyr. Hún bar brúðar-

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

-búning hennar. Þegar hún kraup niður við grátunnar fannst Þóranni sem hálfbrostnir strengir í sál sinni óma við. Þannig hafði hún kropið við hlið hans fyrir sextán árum. Þannig hafði hún látið bjarta höfðinu og sveigt fagran hálsinn og þannig hafði hún litið upp, með sakleysi og traust í augum. Hann tók á öllu þreki sínu til þess að fara ekki að gráta - gráta af öllu hjarta og allri sál. Hann mændi og teigaði þessa hreinu fegurð. Sorgin opnaði á ný heima, sem höfðu verið byrgðir. Áslaug - Áslaug!

Honum fannst, að hún vera nýhorfin og skildi ekkert í því, hvernig lífið hafði lagt á milli þeirra allt, sem hann var búinn að lifa þessi síðustu ár. Hamingjan, nautn og starf - án hennar. Var hann þá búinn að gleyma henni? Gleyma Áslaugu? - Gleyma henni, sem beið

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hans, þegar jarðlífið var liðið". – Hann trúði því þó, fannst honum nú. Og lífið var aðeins stundarbið. Það var eins og þessi ár hefðu, sem voru þeirra lágu, líkt og stutt stund. Nú undraðist hann hversvegna hann hafði ekki beðið þessa stund, uns dauðinn tók hann líka – beðið aleinn, hjá barninu þeirra. – Og sál hennar beið hans. Var hann þá búinn að gefa sína sál – annari konu? – Spurningin kom beint og svarið líka. Nei. Sál hans hafði legið í dvala öll þau ár, sem hann var búinn að vera giftur hinni. Hann hafði, að vísu, verið sæll, en hún hafði aldrei krafist þess, sem gerði hina sælustu: sálar hans. Honum fannst eitt augnablik sem Áslaug hefði tekið anda hans með sér inn í heim hins óþekkta og nú kæmu sálir þeirra beggja fljúgandi

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

saman til jarðar á þessum þýðingar-
mikla degi barnsins þeirra. Hann
hafði reikað sálarlaus á jarðríki
síðan hún hvarf, eins og mennskur
maður meðal álfa. Hann hafði reist
gjör nýtt bú og byggð með annari konu
af því, að jörðin krafðist þess, en
andi hans hafði dvalið í heimi
andanna hjá þeirri veru, sem hann
var tengdur - um eilífð. Hann minnt
-ist vonlausrar örvæntingar sinnar
og sorgar og fann, að líf hans hafði
aðeins verið hálft frá þeirri stundu,
sem Ástlaug var tekin af honum. Hann
mændi og mændi á barnið þeirra.
Hún var eins og geisli meðal sólgeislanna
í kirkjukórnum. Þennan skæra geisla
hafði hún skilið eftir hjá honum.
En hafði hann ekki misst sjónar á
honum? - Hann fjekk sting í hjartað.
Nú fann hann það glöggt: Ástríðuenyskan
hafði blindað augu hans og rænt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hann kraftinum til þess, að vernda þessa veiku, bjarta veru. Hafði hann máske verið að hugsa um hana og hennar velferð þessi ár? Nei – nei, nei! Allir kraftar hans höfðu þjónað annari konu – þeirri, sem sat við hlið hans nú, örugg og ánægð. Hann leit á Ólöfu. Ekki mátti hann gera henni rangt til – hún hafði þó endurreist heimili hans og gefið honum drenginn hans, fallegu, hraustu drenginn hans. Hann fjekk, sem snöggvast, samviskubit. Þarna sat hún ugglaus við hlið hans og hann var að hugsa um, að hún hefði enga sál – hefði aldrei eignast sál hans. Hún hafði þó bjargað heimili hans. En aftur sökkti hann sjer í mynd Guðnýjar. Hvern hafði hún átt að öll þessi ár? Engann – nema gömlu Sesselju. Nú sat hún vafalaust heima á rúminu sínu,

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

gjet hljóðlega og bað fyrir barninu hans. Hafði hann verið blindur? – Nú sá hann þreytusvipinn á andliti dóttur sinnar og að hendur hennar voru hrjúfari en þær höfðu verið á móður hennar. En Ólöf hafði bjargað heimili hans – hann mátti ekki ásaka hana. Aftur kom rödd, sem sagði: Hvernig endurreisti hún heimili þitt? – Gerði hún það vegna þín og barnsins þíns? Eða vegna sjálfrar sín? Nei, hann mátti ekki hugsa þetta. Þarna sat hún við hlið hans og treysti honum. En hún hafði enga sál – þey, þey! Ertu nokkuð betri, þó að þú svíkir þær báðar. Hann reyndi að vinna jafnvægi sitt á ný, en það tókst ekki. Hugsanirnar hröktu hann á milli sín, eins og leiksopp. Hann sá Guðnýju standa á fætur og prestinn leggja hönd á höfuð

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

hennar og blessa hana og um leið vann hann sjálfur það heit, að vernda hana og styðja til alls, sem hún óskaði, skilja hana og elska um fram allt annað í heimi þessum. Og við það heit kyrðist hugur hans og vann frið og jafnvægi.

Ekki þó til fulls.

Sól var gengin til vesturs og logn yfir vorbjartri sveitinni. Kirkjufólkið dreifðist í ýmsar áttir. Flokkarnir skiftust og kvöddust við gatnamót, hjer og þar. Svo stefndi sínum smáhópunum heim að hverjum bæ. Fuglasöngur og lindaniður ómaði um allan dalinn. Fólkið var með gleði-bragði og leit hýrum augum heim til græna býlanna; þar lagði reykjar-skýin beint í loft upp frá kyrrum bæjunum. Fermingarbörnin voru flest hljóð. Þeim fannst helgiblær yfir hljóðu kvöldinu.

Hjörtur frá Árhvammi og Guðný

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

litla ríðu út með hlíðinni frá kirkjustaðnum
Þau höfðu tafið þar eftir messu. Vinnu-
fólkið var komið heim á undan þeim.
„Nú held jeg að bróðir litli ein-
farinn að horfa eftir aktaur", sagði
Guðný og leit brosandi til föður
síns og stjúpu. Hún hlakkaði til þess,
að komast heim til þeirra, líkt
og ung móðir. Hún var óvön því, að
fara nokkuð frá þeim. Þórarinn
greip tækifærið til þess, að minnast
á framtíð Guðnýjar. Hann þráði, að
mega gera einhverja ráðstöfun henni
til handa. „Þeir verða nú að venjast
því, að sjá af systur sinni, nú er
hún orðin stór stúlka og þarf að
fara að menntast — máske fara
eitthvað langt í burtu."
Þau þögðu báðar. Þetta var alveg nýtt
fyrir Guðnýju. Aldrei hafði hún, í al-
vöru hugsað, að hún ætti það í vænd-
um, að fá að fara eitthvert langt

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur

í burtu, og læra það, sem hana langaði mest til. Hún trúði því naumast, að faðir hennar hefði virkilega átt við það. Og hver átti þá að sjá um bræður hennar? – Ólöf hugsaði með sjer, að Guðný myndi varla verða send að heiman til menntunar fyrstu þrjú – fjögur árin. Svo miklu átti hún að ráða. Henni hafði eiginlega aldrei komið það til hugar, að faðir hennar myndi krefjast þess, því síður Guðný sjálf. Hún hugsaði sjer, að leggjast á móti því – með hægð og alvöru. Meira myndi varla þurfa.

„Guðný þarf nú, held jeg, fyrst að læra að stæla sokk á fótinn á sjer áður en hún fer í skóla." Hún var mild í rómi og horfði til Þórarins. Hann þagði og leit ekki við. Eftir stundarþögn sagði hann: „Já, hún þarf að fá að læra bæði það og annað – við tökum

Einkaskjalasafn Bjarna Benediktssonar © Borgarskjalasafn Reykjavíkur